



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík

Reykjavík 18. febrúar 2015

1411001SA KB/pbj
Málalykill: 330

Efni: Umsögn um drög að aðgerðaráætlun - Námstími

Skólateymi og skólamálanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa yfirfarið drög að aðgerðaráætlun varðandi námstíma. Að mati sambandsins er heildaryfirbragð skjalsins gott og markmið skýr en á köflum skortir nánari útfærslu leiða að tilteknum markmiðum. Þá bendir sambandið á nauðsyn þess að meta kostnaðaráhrif af þeim tillögum sem gerðar eru í aðgerðaráætluninni en ljóst má vera að fullnægjandi árangur mun ekki nást nema fjármagn fylgi þeim.

Eftirfarandi eru ábendingar og athugasemdir við einstök atriði skjalsins sem sambandið vill koma á framfæri við verkefnahópinn.

Ábendingar og athugasemdir við einstök atriði

Fram kemur að námstími starfsnáms sé enn óræður en unnið sé að markmiðum starfsnáms í sérstökum verkefnahópi hvítbókar um starfsnám. Verkefnahópurinn um námstíma leggi því ekki fram neinar sérstakar tillögur til aðgerða hvað starfsnámið varðar en leggur áherslu á að námstími í starfsnámi verði almennt styttri en nú er. Sambandið bendir á að í aðgerðaráætlun varðandi starfsmenntun er ekki fjallað um námstíma.

Þá kemur fram á bls. 2 að verkefnahópurinn telji mjög mikilvægt að auka skuldbindingu nemenda og skóla þegar komi að menntun. Sambandið tekur undir það en telur einnig skipta máli í þessu samhengi að með því að auka færni nemenda fjölgar valkostum þeirra í námi. Þá aukast líkur á því að nemandi velji nám sem hentar honum og eykur það skuldbindingu hans gagnvart náminu. Að mati sambandsins er ástæða til að bæta foreldrum við upptalninguna þar sem þeir geta gegnt mikilvægu hlutverki við að fylgjast með námsframvindu barna sinna og veita stuðning.

Á bls. 3 segir: „Með öflugri náms- og starfsráðgjöf og þar sem henni er beitt rétt í skólum er talið að villuráf nemenda um skólakerfið geti minnkað verulega.“ Sambandið telur að þarna megi vanda orðalag betur og ekki sé skýrt til hvers sé verið að vísa með því að nefna náms- og starfsráðgjöf þar sem henni sé „beitt rétt“. Ef þarna er átt við að sinna þurfi betur náms- og starfsfræðslu eða að náms- og starfsráðgjafar þurfi að huga betur að öðrum þáttum en þeir gera í dag þá þyrfti að orða það með skýrari hætti. Áður en næstu skref eru ákveðin þá væri gagnlegt að afla upplýsinga um árangur af störfum náms- og starfsráðgjafa, t.a.m. rannsóknir sem gerðar hafa verið á því sviði, og skoða hvernig inntak menntunar þeirra fellur að aðgerðaáætlunum hvítbókar.



Markmið 1 – Auka sveigjanleika milli skólastiga til að auðvelda flæði nemenda og skapa þeim meira hvetjandi námsumhverfi

Í 1b), sem fjallar um nám á tveimur skólastigum samtímis, mætti bæta við tilvísun til 4. mgr. 26. gr. laga um grunnskóla. Sambandið telur ástæðu til að leggja áherslu á að samkvæmt tilvitnuðu ákvæði grunnskólalaganna eiga þeir nemendur sem hafa sýnt fullnægjandi færni rétt á að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi meðan þeir eru í grunnskóla.

Þá telur sambandið vert að skoða möguleika á því að gefa nemendum í efstu bekkjum grunnskóla kost á að hefja starfsnám í verklegum greinum, í þeim tilgangi að flýta námslokum og draga úr hættu á brotthvarfi úr framhaldsskólanámi.

Lagfæra þyrfti óskýrt orðalag eftirfarandi setningar í 1c): „Skólar og ráðuneyti vinni sérstaklega gegn því að nemendur endurtaki námsefni frá fyrra skólastigi eða kenni efni af skólastigi fyrir ofan sig.“

Markmið 2 – Auka skuldbindingu þeirra sem koma að skólastarfi en þó fyrst og fremst nemenda

Fram kemur í 2a) að hver skóli skipuleggi fyrir hvern nemanda sérstaka umsjón kennara/starfsmanns sem fylgist með velferð hans og námsgengi og kennarinn/starfsmaðurinn sé í virkum samskiptum við nemandann og forráðamenn „þar sem það á við“. Sambandið telur að virk samskipti hljóti að vera meginreglan og því sé orðunum „þar sem það á við“ ofaukið í setningunni.

Í 2b) er fjallað um að námsmat eigi að vera fjölbreytt og vægi lokaprófa óverulegt. Hér mætti bæta við að námsmat ætti að reyna á ólíka hæfnipætti nemenda.

Sambandið telur vert að bæta við punkti um að efla faglega hæfni kennara og skólastjórnenda varðandi sérfræðisþjónustu við nemendur grunnskóla, sbr. reglugerð nr. 584/2010, en í niðurlagi 3. gr. segir: „Við gerð símenntunaráætlana skv. 7. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og 12. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla skal lögð áhersla á að efla þekkingu starfsfólks leik- og grunnskóla á því að leysa viðfangsefni samkvæmt reglugerð þessari innan skólanna.“

Markmið 3 – Minnka brotthvarf nemenda úr námi

Í 3a) er fjallað um velferðarþjónustu og þar er gert ráð fyrir að framhaldsskólar hafi svigrúm til að veita nemendum sálfræðiráðgjöf auk heilbrigðisþjónustu samkvæmt 36. gr. laga um framhaldsskóla. Sambandið bendir á að rétt væri að nota frekar orðið „sérfræðisþjónusta“ en „sálfræðiráðgjöf“.

Í 3c) kemur fram að skólar skuli vinna aðgerðaráætlun til að vinna skipulega með nemendur í brotthvarfshættu. Að mati sambandsins vantar hér að setja fram leiðir til að vinna að markmiðunum. Ef fela á skólum að gera aðgerðaráætlun til að vinna skipulega með nemendur í brotthvarfshættu þá er nauðsynlegt að lagðar séu til leiðir sem samkvæmt fyrirbyggjandi rannsóknum eru taldar gagnlegar en skólum verði falin nánari útfærsla þeirra.



Sambandið telur mikilvægt í allri umræðu um brotthvarf að huga vel að stöðu þeirra nemenda sem ekki hafa íslensku að móðurmáli. Hlutfall brotthvarfs úr námi í þeim hópi er mjög hátt og kallar á markvissar og skjótar aðgerðir.

Markmið 4 – Auka ráðgjöf og upplýsingaflæði um námsframboð og þjónustu við nemendur og almenning

Sambandið telur orðinu „þjónustu“ vera ofaukið í heiti markmiðsins þar sem efnisþættir lúta annars vegar að ráðgjöf og hins vegar upplýsingaflæði.

Annað

Sambandið telur ástæðu til að benda á möguleika á betri nýtingu almanaksársins í framhaldsskólum í þágu nemenda. Mikill tími fer í prófatímabil og leyfi og virkur kennslutími því stuttur á hverju ári. Með fjölgun kennsludaga og betri nýtingu almanaksársins mætti ætla að námið yrði markvissara, losarabragur minni og aðhald meira sem aukið gæti skuldbindingu nemenda.

Sambandið áréttar afstöðu sína gagnvart því að stytta heildarnámstíma nemenda frá leikskóla til loka framhaldsskóla sem ljúki almennt við 18 ára aldur. Kanna þurfi fýsileika þess að skólaskylda nái til 18 ára aldurs og skoða faglegar og fjárhagslegar forsendur þess að menntun barna til 18 ára aldurs verði á hendi sveitarfélaga. Saknar sambandið umfjöllunar um þessa þætti í markmiðum aðgerðaráætlunarinnar.

Þá er að mati sambandsins ástæða til að leggja enn frekar áherslu á að bæta samstarf milli grunn- og framhaldsskóla. Þýðingarmikið er að samfella haldist í sérfræðiþjónustu við nemendur yfir skólaskilin sem vafalítið getur verið liður í því að draga úr brotthvarfi nemenda úr námi sem af einhverjum ástæðum standa höllum fæti og hafa þurft stuðning í grunnskóla.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs